

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. desember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi), 267. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Ákærendafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi).

Ákærendafélag Íslands styður frumvarpið og tekur undir að ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í núverandi mynd nái ekki nægjanlega vel utan um þá háttsemi sem tilgreind er í nýju ákvæði 199. gr. a. Eru því gerð góð skil í frumvarpinu, með dómareifunum og töfluriti yfir mismunandi afgreiðslur sambærilegra brota, hversu erfitt getur reynst að ná utan um ýmis brot sem falla myнду undir hið nýja ákvæði og hve misjöfn dómaframkvæmdin hefur verið. Þá er einnig rétt að taka til endurskoðunar ákvæði 228. og 229. gr. laganna og nútímavæða þau svo að þau falli betur að samskiptamáta nútímans sem fer sífellt oftar fram með stafrænum hætti.

Skerpa mætti betur á sjónarmiðum að baki þeirri ákvörðun að eingöngu ákvæði 228. gr. rati inn í upptalningu 1. tl. 242. gr. en ekki ákvæði 229. gr. En í kafla 2.4. *Mat á nauðsyn lagasetningar* segir um breytingarnar á ákvæðum friðhelgiskafla „[...] er leitast við að tryggja einstaklingum sem ekki eru nákomnir gerendum sínum fullnægjandi réttarvernd friðhelgi sinnar. Þessu markmiði má ná með ýmsum hætti en hér er lagt til að það verði gert með breytingum á 228. gr. og 229. gr. laganna, sem feli einnig í sér að brot gegn ákvæðunum sæti ákæru.“ Má því velta því fyrir sér hvort að ætlunin hafi upphaflega verið sú að hafa bæði ákvæðin með í upptalningu 1. tl. 242. gr. en síðar verið fallið frá þeim áformum án þess að þau væru skýrð frekar.

Er það mat Ákærendafélags Íslands að ákvæði 229. gr. geti ekki síður átt við, þegar um er að ræða meint brot gegn 199. gr. a, en ákvæði 228. gr., og skuli því ekki undanskilja 229. gr. frá upptalningu 1. tl. 242. gr.

F.h. Ákærendafélags Íslands

Dagmar Ösp Vésteinsdóttir, formaður



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, fimmtudagur, 3. desember 2020
Tilvísun: 2020020053/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi), 267. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 19. nóvember sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi), mál 267.

Barnaverndarstofa styður heils hugar að hegningarlögum sé breytt í því augnamiði að tryggja réttarvernd einstaklinga gegn brotum á kynferðislegri friðhelgi þeirra. Að mati stofunnar hefur lengi verið þörf á ákvæðum líkt og þeim sem lögð eru til í frumvarpinu og þá sérstaklega með tilliti til aukinna áhrifa stafrænnar tækni á samskipti. Bendir Barnaverndarstofa í þessu samhengi á eftirfarandi:

- Á árinu 2014 komu í Barnahús átta börn á aldrinum 12 - 15 ára þar sem barn hafði sent kynferðislegar myndir af sér, fjögur börn á aldrinum 8 - 15 ára voru þvinguð til að taka/senda kynferðislegar sjálfsmyndir og alls 24 börn á aldrinum 5 - 17 ára voru í þeirri stöðu að kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd voru sýnd eða tekin (fengu sendar kynferðislegar myndir).
- Á árinu 2015 komu í Barnahús átta börn á aldrinum 13 - 17 ára þar sem barn hafði sent kynferðislegar myndir af sér, fjögur börn á aldrinum 13 - 17 ára voru þvinguð til að taka/senda kynferðislegar sjálfsmyndir og alls 11 börn á aldrinum 7 - 17 ára voru í þeirri stöðu að kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd voru sýnd eða tekin (fengu sendar kynferðislegar myndir).
- Á árinu 2016 komu í Barnahús 5 börn á aldrinum 12 - 14 ára þar sem barn hafði sent kynferðislegar myndir af sér, 3 börn á aldrinum 12 - 14 ára voru þvinguð til að taka/senda kynferðislegar sjálfsmyndir og alls 17 börn á aldrinum 8-15 ára voru í þeirri stöðu að kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd voru sýnd eða tekin (fengu sendar kynferðislegar myndir).
- Á árinu 2017 komu í Barnahús 6 börn á aldrinum 12 - 16 ára þar sem barn hafði sent kynferðislegar myndir af sér, 2 börn 12 ára voru þvinguð til að taka/senda kynferðislegar

sjálfsm myndir og alls 10 börn á aldrinum 7 - 17 ára voru í þeirri stöðu að kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd voru sýnd eða tekin (fengu sendar kynferðislegar myndir).

- Á árinu 2018 komu í Barnahús 11 börn á aldrinum 11 – 17 ára þar sem barn hafði sent kynferðislegar myndir af sjálfu sér, 9 börn 11 – 17 ára voru þvinguð til að taka/sendu kynferðislegar sjálfsm myndir og alls 21 barn á aldrinum 6 – 17 ára var í þeirri stöðu að kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd voru sýnd eða tekin (fengu sendar kynferðislegar myndir).
- Á árinu 2019 komu í Barnahús 13 börn á aldrinum 13 – 17 ára þar sem barn hafði sent kynferðislegar myndir af sjálfu sér, 3 börn 13 – 15 ára voru þvinguð til að taka/sendu kynferðislegar sjálfsm myndir og alls 20 börn á aldrinum 6 – 17 ára voru í þeirri stöðu að kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd voru sýnd eða tekin (fengu sendar kynferðislegar myndir).

Ofangreindar tölur varpa nokkru ljósi á umfang málanna sem um ræðir og fagnar Barnaverndarstofa því framlagningu frumvarpsins og telur það fela í sér mikla réttarbót.

Barnaverndarstofa telur þó ástæðu til að benda á að nokkur atriði sem þarfnast að mati stofunnar nánari skoðunar. Benti stofan á umrædd atriði í umsögn sinni til allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 2. mars 2018, um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (stafrænt kynferðisofbeldi), 37. mál, á 148. löggjafarþingi.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að huga að breytingum á frumvarpinu varðandi eina tegund þess sem stundum er kallað hefndarklám. Nánar til tekið tilraun til kúgunar sem hefur það að markmiðið að fá eða þvinga þolanda til tiltekinna athafna, t.d. með tælingu eða hótun um myndbirtingu á vefnum (svonefnd „sexstortion“). Ekki er í frumvarpinu tekið á þessum þáttum ólögmetra birtinga kynferðislegra mynda, hvorki af börnum né fullorðnum. Að mati Barnaverndarstofu er nauðsynlegt að tilgreina í hegningarlögum refsinaemi hótana sem þolandi kann að verða fyrir í þessu samhengi. Sama gildir um þau tilvik þar sem myndum og/eða myndböndum er breytt til þess að láta líta þannig út að einstaklingur sé í kynferðislegum athöfnum eða stellingum.

Í öðru lagi er ekki gert ráð fyrir því að refsing sé þyngd ef brotþoli er undir 18 ára aldri, en almennt eru refsingar við kynferðisbrotum þyngri ef brotþoli er á barnsaldri. Telur Barnaverndarstofa því jafnframt mikilvægt að frumvarpinu verði breytt hvað þetta varðar.

Í þriðja lagi þá mætti skerpa á því hvað eigi að gera í þeim tilvikum þar sem unglingur sendir sjálfviljugur mynd af sér, t.a.m. til kærasta eða kærustu, og í raun er slík sending dreifing á barnaklámi og refsiverð háttsemi. Barnaverndarstofa telur brýnt að kveða á um það með skýrum hætti að slíkar sendingar sakhæfra ungmenna til jafningja sé ekki refsiverðar. Hugsanlega falla slík tilvik að hluta til undir þær breytingar sem frumvarpinu er ætlað að gera

á 228. gr. almennra hegningarlaga með b lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Það kemur þó hvorki fram í frumvarpinu né athugasemdum með ákvæðinu að slíkar sendingar séu ekki refsiverðar.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fundar nefndarinnar sé þess óskað.

Virðingarlaus
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir

Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefnadasvið@althingi.is

Reykjavík, 3. desember 2020.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 296 - 267. mál. Stjórnartillaga.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi).

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar ofangreindu frumvarpi og tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu um tilefni og nauðsyn þess þar sem stafrænt kynferðisofbeldi hefur aukist í íslensku samfélagi og dómaframkvæmd misvísandi. Mikilvægt er að styrkja réttarvernd þeirra sem verða fyrir rofi á kynferðislegri friðhelgi og tryggja virk réttarræði og mannréttindavernd borgaranna. Þar sem mikil meiri hluti þeirra sem verða fyrir brotum gegn kynferðislegri friðhelgi er kvenkyns getur frumvarpið aukið réttarvernd kvenna sérstaklega. Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu að kynferðisleg tjáning einstaklinga njóti verndar tjáningarfrelsis og getur verið þáttur í mótun sjálfmyndar þeirra, því er mikilvægt að kynferðisleg tjáning einstaklinga verði ekki sjálfkrafa álitin andlag hegningarlaga. Þetta kallar á umræðu og fræðslu á öllum sviðum samfélagsins, sérstaklega réttarkerfisins. Félagsráðgjafafélag Íslands vill beina því til stjórnvalda að samhliða aukinni réttarvernd þeirra sem verða fyrir rofi á kynferðislegri friðhelgi er mikilvægt að tryggja þolendum og gerendum slíkra brota aðgang að ráðgjöf og stuðningi fagaðila, svo sem félagsráðgjafa. Jafnframt þarf að tryggja aðgang að sérhæfðri samtalsmeðferð.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er fimm ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 2. desember 2020
Tilvísun: 202011-0809

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum – kynferðisleg friðhelgi

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög (kynferðileg friðhelgi), 267. mál.

Héraðssaksóknari leggur til að frumvarpið verði samþykkt enda um að ræða mikla réttarbót fyrir þolendur kynferðisbrota. Líkt og rakið er í greinargerð með frumvarpinu hefur á síðustu árum orðið mikil aukning í brotum sem hafa verið kölluð hefndarklám, hrelliklám eða stafrænt/myndrænt kynferðisofbeldi. Ekkert ákvæði í almennum hegningarlögum tekur beinlínis til slíkra brota og hefur því háttsemin verið felld undir t.d. 209. gr. (blygðunarsemisbrot), 233. gr. b (ærumeiðingar gegn nákomnum) eða 210. gr. a (barnaníðsefni) svo dæmi séu nefnd.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði í 199. gr. a sem gerir hvers konar framleiðslu, dreifingu og birtingu á efni af kynferðislegum toga af öðrum refsiverða. Héraðssaksóknari gerir ekki efnislegar athugasemdir við ákvæðið en telur rétt að nefna nokkur atriði sem rétt er að hafa í huga.

- Á eftir orðunum „aflar sér“ í 1. mgr. komi „, eða öðrum“. Slíkt er í samræmi við svipaða upptalningu í 210. gr. a laganna.
- Samhliða þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu er mikilvægt að hækka refsiramma fyrir brot á 210. gr. a almennra hegningarlaga um barnaníð.
- Á 150. lögjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um bætur vegna ærumeiðinga (278. mál). Frumvarpið náði ekki fram að ganga en með því var lagt til að ákvæði 234.–241. gr. og b- og c-liður 2. tölul. 242. gr. almennra hegningarlaga falli brott. Verði það frumvarp lagt fram að nýju er mikilvægt að skoða það vel með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpi um kynferðislega friðhelgi.

Jafnframt eru lagðar til breytingar á 228. og 229. gr. laganna og er tekið undir þær tillögur sem embættið telur vera til bóta og skýra og einfalda regluverkið að því er varðar brot gegn friðhelgi. Í frumvarpinu er lagt til að brot gegn breyttri 228. gr. sæti ákæru. Að mati héraðssaksóknara er

rétt að brot gegn breyttri 229. gr. sæti líka ákæru og því lagt til að því ákvæði verði bætt við upptalningu í 1. tl. 1. mgr. 242. gr. almennra hegningarlaga.

Embætti héraðssaksóknara



Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Akureyri, 3. desember 2020
2011045 JFK

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu vegna frumvarps til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi), 267. mál.

Jafnréttisstofa vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 19.11.2020 þar sem óskað er eftir umsögn stofunar vegna ofangreinds máls. Jafnréttisstofa þakkar fyrir tækifærið til að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Jafnréttisstofa telur að frumvarpið feli í sér mikla réttarbót er varðar starfrænt kynferðisofbeldi. Ljóst er að löggjöfin verður að bregðast við þeim málum þar sem nýrri tækni er beitt til að brjóta gegn einstaklingum. Líkt og bent er á í greinargerð með frumvarpinu þá hefur ný tækni gert það að verkum að nýjar leiðir eru notaðar til þess að taka, dreifa og vista efni, með mun meiri möguleika á að það fari í almenna dreifingu. Stafrænt kynferðisofbeldi getur þannig haft í för með sér alvarlegar afleiðingar og því fullt tilefni til að styrkja refsivern kynferðislegrar friðhelgi.

Jafnréttisstofa hvetur til þess að frumvarp þetta verði samþykkt.


Jón Fannar Kolbeinsson
lögfræðingur

2. desember 2020
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi). Þingskjal 296, 267. mál, 151. löggjafarþing.

Kvenréttindafélag Íslands fagnar nýju frumvarpi til laga um kynferðislega friðhelgi og hvetur Alþingi til að veita því framgang.

Stafrænt kynferðisofbeldi er birtingarmynd ofbeldis þar sem efni sem sýnir nekt eða kynferðislega hegðun einstaklings án samþykkis hans er sett í dreifingu á netinu og með öðrum leiðum. Stafrænt kynferðisofbeldi er sífellt algengara hér á landi. Þolendur þess eiga fá ráð til að bregðast við birtingu þess, sérstaklega þar sem erfitt er að eyða efni sem einu sinni er komið á netið.

Kvenréttindafélag Íslands hefur síðustu árin lagt sitt af mörkunum til að stuðla að vitundarvakningu um stafrænt kynferðisofbeldi og afleiðingar þess, bæði beinar afleiðingar fyrir þolendur, svo sem sálrænar, fjárhagslegar og líkamlegar, en einnig samfélagslegar afleiðingar. Að mati félagsins er stafrænt kynferðisofbeldi bein ógn við lýðræði þar sem myndbirtingar af viðkvæmu efni án samþykkis einstaklinga stuðla að þöggun og geta hindrað þá í því að taka fullan þátt í samfélagslegri umræðu.

Skilningur samfélagsins á stafrænu kynferðisofbeldi hefur gjörbreyst á aðeins örfáum árum í kjölfar mikillar umræðu og hugrekkis þolenda sem hafa komið fram opinberlega til að greina frá reynslu sinni. Þetta er í fjórða skipti sem frumvarp liggur fyrir Alþingi til að banna stafrænt kynferðisofbeldi og ber þetta frumvarp merki þess hve mikið skilningur okkar á eðli þessa glæps hefur aukist. Þó hefur refsilöggjöfin ekki verið uppfærð til að taka á stafrænu kynferðisofbeldi og dómaframkvæmd hefur að sama skapi verið óstöðug, eins og kemur fram í greinargerð. Það er því löngu kominn tími til að uppfæra hegningarlögin og setja skýrt inn ákvæði sem áréttar kynferðislega friðhelgi og bannar stafrænt kynferðisofbeldi.

Kvenréttindafélag Íslands er sammála þessu frumvarpi í grófum dráttum. Félagið fagnar því að stafrænt kynferðisofbeldi sé sett í XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot sem tryggir það að slík brot muni ávallt sæta rannsókn þegar grunur er um brot og ákæru þegar sönnunargögn teljast nægileg.



Kvenréttindafélag Íslands hvetur til þess að samhliða þessum lögum verði farið í endurskoðun á verklagi og þjálfun hjá lögreglu til þess að tryggja að þau hafi bæði úrræði og aðföng til þess að rannsaka málin.

Brotabolar stafræns ofbeldis á Íslandi treysta ekki réttarvörslukerfinu til að vinna úr þessum málum. Í skýrslunni *Online Violence Against Women in the Nordic Countries* sem Ásta Jóhannsdóttir, Mari Helenedatter Aarbakke og Randi Theil Nielsen unnu fyrir Kvenréttindafélagið voru birtar niðurstöður samnorrænnar rannsóknar á birtingarmyndum stafræns ofbeldis á Íslandi, í Danmörku og Noregi og hvernig þolendur upplifa leitina að réttlæti vegna þessa ofbeldis. Hér á Íslandi kom í ljós að meirihluti þeirra kvenna sem hafði orðið fyrir stafrænu ofbeldi og haft var samband við hafði ekki leitað réttlætis, því þær vantreystu réttarvörslukerfinu og töldu því ástæðulaust að tilkynna ofbeldið til lögreglu eða kæra (*Online Violence Against Women in the Nordic Countries*, 2017, bls. 13).

Í skýrslunni *Kynferðisleg friðhelgi: umfjöllun um réttarvernd og ábendingar til úrvinnslu* sem María Rún Bjarnadóttir vann fyrir forsætisráðuneytið og kom út 2020 er áréttað mikilvægi þess að treysta og efla réttarvörslukerfið til að geta rannsakað stafræn ofbeldismál. Í skýrslunni er sérstaklega bent á mikilvægi þess að rannsakendur, ákærændur og dómara hafi að ráða yfir þekkingu og færni til að takast á við mál sem snúast um stafrænt kynferðisofbeldi (bls. 129–130) og að réttarvörslukerfið setji sér skýrt verklag hvernig tekið sé á þessum málum (bls 131). Einnig bendir skýrslan á að til að tryggja viðunandi meðferð mála innan réttarvörslukerfisins „þurfa að koma til fullnægjandi aðföng; fjármagn, starfsfólk, búnaður og aðstaða sem tekur mið af þeim stafrænu áskorunum sem geta falist í meðferð mála er varða stafræn kynferðisbrot“ (bls. 132).

Til þess að endurreisa traust þolenda á lögreglunni og tryggja það að stafrænt kynferðisofbeldi sé rannsakað á fullnægjandi máta þarf Alþingi að beita sér fyrir því að réttarvörslukerfið fái stuðning til að ráðast í endurmenntun starfsfólks, endurskoðun verklags og fullnægjandi aðföng til að geta rannsakað málin. Kvenréttindafélag Íslands tekur undir með skýrsluhöfundi Maríu Rún Bjarnadóttur að „skortur á eftirfylgni með framkvæmd laga getur grafið undir gildi lagasetningar“ (*Kynferðisleg friðhelgi: umfjöllun um réttarvernd og ábendingar til úrvinnslu*, 2020, bls. 130). Mikilvægt er að þessi mikla réttarbót, að banna stafrænt kynferðisofbeldi, verði ekki dauður lagabókstafur.

Kvenréttindafélag Íslands bendir á að nauðsynlegt er að efla ákvæði almennra hegningarlaga um barnaníð samhliða þessu frumvarpi. Ungt fólk, og þá sérstaklega ungar konur, eru líklegri til að verða fyrir stafrænu ofbeldi heldur en fullorðið fólk.

Í ár kom út skýrsla alþjóðlegu samtakanna Plan International sem byggð var á viðtölum við 14.000 stúlkur og konur á aldrinum 15 til 25 ára og gagnaöflun í 22 löndum. 58% stúlkanna greindu frá því að þær höfðu verið áreitnar á netinu, m.a. með myndbirtingum af þeim á netinu, og sögðu 50% viðmælenda að þær yrðu fyrir meiri áreitni á netinu heldur en á götunni. Áreitnin hófst í sumum tilvikum þegar stúlkurnar voru 8 ára gamlar, en algengast var að það hæfist á aldrinum 14 til 16 ára (*Free to Be Online? Girls' and young women's experience of online harassment*. Plan International, 2020).



Á þessu ári var einnig birt skýrsla bresku samtakanna Refuge sem byggð var á könnun með fullorðinna einstaklinga í Englandi og Wales þar sem umfang kynferðislegrar myndbirtingar án samþykkis var rannsakað. Rannsóknin sýndi að 1 af hverjum 14 fullorðnum einstaklingum í Englandi og Wales hefur orðið fyrir hótunum að myndefni af þeim væri komið í dreifingu. Einnig kom í ljós kom að konur á aldrinum 18 til 34 ára voru tvisvar sinnum líklegri en fólk af öðrum kynjum og á öðrum aldri að verða fyrir þvítíkum hótunum (*The Naked Threat*. Refuge, 2020).

Kvenréttindafélag Íslands hvetur Alþingi til að veita þessu frumvarpi um kynferðislega friðhelgi framgang.

Kvenréttindafélag Íslands hvetur Alþingi til að tryggja réttarvörslukerfinu úrræði og aðföng til að rannsaka stafrænt kynferðisofbeldi, til þjálfra rannsakendur, ákærendur og dómara og til að endurskoða verklag við rannsókn málanna.

Kvenréttindafélag Íslands hvetur Alþingi til að uppfæra ákvæði almennra hegningarlaga um barnanið til að taka á gerð, dreifingu og birtingu á efni af eða um nekt eða kynferðislega háttsemi.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. nóvember 2020.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisleg friðhelgi), þskj. 296, 267. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Styður skrifstofan frumvarpið heils hugar og telur það fela í sér nauðsynlegar breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga svo sporna megi við starfrænu kynferðisofbeldi sem sífellt hefur aukist með tilkomu nýrrar tækni og samfélagsmiðla.

Tekur MRSÍ undir þau orð greinargerðar með frumvarpinu að gildandi löggjöf veiti kynferðislegri friðhelgi einstaklinga ekki fullnægjandi réttarvernd, sem birtist meðal annars í óskýrri dómaframkvæmd og neikvæðri upplifun þeirra sem átt hafa samskipti við réttarvörslukerfið vegna mála af þessum toga. Enn fremur tekur MRSÍ undir þau orð að skýr lagasetning um háttseminna væri til þess fallin að koma til móts við samfélagslega þörf fyrir skýrari réttarvernd friðhelgi einstaklinga, vegna ógnar sem skapast hefur með aukinni tæknivæðingu í mannlegum samskiptum.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Reykjavík, 3. desember 2020

Tilvísun ríkissaksóknara: 202011-0558

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlög (kynferðisleg friðhelgi), 267. mál.

Ríkissaksóknari er fylgjandi því að sett verði sérstakt refsíákvæði sem tekur á þeirri háttsemi sem m.a. hefur verið nefnt stafrænt kynferðisofbeldi og er því að meginstefnu til samþykkur því sem lagt er til í 1. gr. frumvarpsins. Lagt til að ákvæðið hljóði svo:

Hver sem útbýr, aflar sér eða öðrum, dreifir eða birtir myndefni, texta eða sambærilegt efni, þ.m.t. falsað efni, af nekt eða kynferðislegri háttsemi annars manns án hans samþykkis skal sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta sem hótar því sem greinir í 1. mgr., enda sé hótunin til þess fallin að vekja hræðslu eða kvíða hjá þeim sem hún beinist að.

Sé brot framið af gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Ríkissaksóknari telur ekki þörf á þeim stigskipta refsiramma sem gert er ráð fyrir í ákvæðinu hvað varða ásetningsbrot og telur rétt að refsiramminn verði sektir eða fangelsi allt að 4 árum og þar með sá sami og hvað varðar brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga. Ríkissaksóknari telur einnig rétt, til frekara samræmis, að hækka refsingar fyrir kynferðislega áreitni, sbr. 199. gr. almennra hegningarlaga, í 4 ára fangelsi.

Þá er lagt til að í stað orðins „heimildarleysi“ verði notað orðalagið „án samþykkis“ sem þykir skýrara og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Aðrar breytingatillögur skýra sig sjálfar en hvað varðar orðalagið „hræðslu eða kvíða“ í 2. mgr. er litið til orðalags í frumvarpi því sem liggur fyrir Alþingi og fjallar um umsáturseinelti, 132. mál.

Að mati ríkissaksóknari þarfnast ákvæði 2. og 3. gr. frumvarpsins frekari skoðunar auk þess sem frumvarp til laga um bætur vegna ærumeiðinga, 278. mál á 150. löggjafarþingi, er enn til meðferðar á Alþingi en í nefndu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að háttsemi sambærileg þeirri sem lýst er í 2. og 3. gr. þessa frumvarps sæti ákæru.

Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari

Nefndasvið Alþingis (nefndasvid@althingi.is)

Póstfang:
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Sími:
444-2900
Netfang: saksoknari@saksoknari.is

Bréfsími:
444-2906

Kennitala:
530175-0229



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 4. desember 2020

Efni bréfs: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi).

Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til umboðsmanns barna, dags. 19. nóvember sl., þar sem óskað var umsagnar vegna frumvarps um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Umboðsmaður barna fagnar því að fram sé komið frumvarp sem hefur það að markmiði að styrkja réttarvernd þeirra sem verða fyrir rofi á kynferðislegri friðhelgi sinni.

Samkvæmt greinargerð er tilefni þessa frumvarps sú aukning sem orðið hefur á stafrænu kynferðisofbeldi í íslensku samfélagi en með aukinni tækniþróun hafi breyting orðið á tíðni slíkra brota, umfangi þeirra og afleiðingum fyrir þolendur. Þá kemur fram að kynferðisleg friðhelgi einstaklinga njóti ekki fullnægjandi réttarverndar þegar horft sé til samfélagslegra breytinga sem hafa fylgt stafrænni tækniþróun en um sé að ræða hagsmuni sem njóti bæði verndar stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindasamninga. Því sé rétt að grípa til lagasetningar með það að markmiði að styrkja refsivernd kynferðislegrar friðhelgi. Í greinargerð kemur einnig fram að ekki hafi verið lagðar fram breytingar á 210. gr. a almennra hegningarlaga þar sem vinna standi nú yfir við endurskoðun þess ákvæðis. Þó endanleg útfærsla 210. gr. a liggja ekki fyrir er ekki að sjá að loku sé fyrir það skotið að brot gegn barni verði í einhverjum tilfellum heimfært undir nýja 199 gr. a sem lögð er til hér í þessu frumvarpi. Þá er ljóst að börn sem náð hafa 15 ára sakhæfisaldri geta gerst brotleg gegn umræddu ákvæði.

Umboðsmaður barna tekur undir það sem fram kemur í greinargerð um mikilvægi þess að samræmi sé í heimfærslu brota í dómaframkvæmd með tilliti til réttaröryggis og jafnframt að heimfærsla brota undir refsíákvæði sé skýr og fyrirsjáanleg og ákvæðin taki mið af alvarleika háttseminnar sem um ræðir.

Samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð var ekki haft samráð við börn við gerð þessa frumvarps og er það miður sérstaklega í ljósi þess að viðfangsefni þess snertir málefni þar sem algengt er að börn séu brotáþolar eða gerendur. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans, samnings

Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, skulu aðildarríki hans tryggja börnum sem myndað geta eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem þau varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Þátttaka barna í ákvarðanatöku um málefni sem þau varðar, leiðir til upplýstari og vandaðri ákvarðana sem meiri líkur eru á að sát ríki um. Mikilvægur þáttur í að innleiða Barnasáttmálann er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar börn.

Börn eru ekki einsleitur hópur og þess vegna er mikilvægt að haft sé samráð við ólíka hópa barna svo sem fötluð börn, börn með annað móðurmál en íslensku og aðra hópa barna sem eru í viðkvæmri stöðu og eru sérstaklega útsett fyrir því að verða fyrir kynferðislegu eða kyndundnu ofbeldi eða áreitni. Í 23. gr. Barnasáttmálans og í 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er fjallað um rétt fatlaðra barna og mikilvægi þess að aðgengi þeirra að samfélagsþátttöku sé tryggt. Árið 2019 var á vegum umboðsmanns barna settur á stofn sérfræðihópur fatlaðra barna og unglunga, með það að markmiði að skapa rými og tækifæri fyrir fötluð börn og unglunga, til að ræða málefni að eigin vali, og koma með ábendingar byggðar á eigin reynslu og skoðunum. Þar var m.a. rætt um ástæður þess að fatlað fólk sé frekar beitt ofbeldi og töldu þátttakendur að fordómar gegn fötluðu fólki hafi þar mikil áhrif. Einnig kom fram að á meðan fötlunarfordómar fái að viðgangast í samfélaginu telji gerendur sig geta komist upp með að koma illa fram við fatlað fólk. Þá voru þátttakendur sammála um það að ekki sé hlustað nægilega vel á fötluð börn og fatlaða unglunga þegar þau segja frá ofbeldi sem þau hafa verið beitt. Þátttakendur töldu fólk veigra sér við að taka ákvarðanir og afstöðu í málum og fyrir vikið viðgengist ýmislegt sem ekki væri í lagi. Þátttakendur áréttuðu að öllu ofbeldi eigi að taka alvarlega, líka þegar gerendur eru sjálfir með skerðingu og eru jafnvel börn og unglingar. Kynferðisleg áreitni og annað ofbeldi getur átt sér stað hvar sem er, meðal annars í sérúrræðum fyrir fötluð börn og unglunga. Þátttakendur töldu jafnframt að brýnt væri að auka umræðu og fræðslu um ofbeldi. Almennigur þurfi að vera betur upplýstur um algengi ofbeldis gegn fötluðu fólki og helstu birtingarmyndir þess

Þá áréttar umboðsmaður mikilvægi þess að samhliða þeim breytingum sem hér eru lagðar fram verði fræðsla um kynferðislega friðhelgi aukin meðal barna og ungmenna. Í því samhengi hefur þingsályktun nr. 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021-2025 mikilvægu hlutverki að gegna.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Salvör Nordal". The signature is written in a cursive, flowing style.

Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna